



BARN AVERN DARSTOFA

Alþingi
Erindi nr. P 123/1033
komudagur 22.2.1999

Alþingi
Björn Þorvaldsson, nefndarritari
Þórshamri v/Templarasund
150 Reykjavík

Tilvísun
99020012

Dagsetning
19.2.1999

HF/--

Vísað er til bréfs dags. 8. febrúar þar sem óskað er umsagnar um frumvarp til laga um meðferð opinberra mála, 354. mál.

Barnaverndarstofa fagnar framkomnu frumvarpi sem í grunninn er réttarbót fyrir börn sem þolendur í refsivörslukerfinu, sérstaklega börn sem þolendur kynferðisbrota. Hér á eftir eru nokkrar hugleiðingar um efni frumvarpsins, einkum þau atriði sem snerta réttarstöðu barna.

Frumvarpið gerir ráð fyrir að lögreglu sé skylt að tilnefna brotþola réttargæslumann ef brotþoli hefur ekki náð 18 ára aldri þegar rannsókn máls hefst og hún beinist að kynferðisbroti, eða broti á XXII. kafla alm. hgl. Þetta er mikil og brýn réttarbót sem nauðsynlegt er að koma á hið fyrsta. Því má velta upp hvort ekki sé rétt að skyldan til að skipa barni réttargæslumann nái til allra ofbeldisbrota, þ.e. brota gegn XXII., XXIII. og XXIV. kafla alm. hgl.

Þá er í frumvarpinu að finna reglur um fyrirkomulag skýrslutöku af börnum sem orðið hafa fyrir kynferðisbroti. Fyrir tilstilli Barnaverndarstofu hefur verið komið á laggirnar svokölluðu Barnahúsi með það m.a. að markmiði að samræma og samhæfa vinnubrögð þeirra sem koma að rannsókn kynferðisbrota gegn börnum. Markmiðin eru t.d. að fækka skýrslutökum af börnum, vanda til skýrslutöku, auka sönnunargildi skýrslu og jafnframt tryggja réttaröryggi þeirra sem hagsmuna eiga að gæta. Nokkur óvissa hefur ríkt um það hvernig réttast er að haga skýrslutökum af börnum, m.a. hverjir skuli vera viðstaddir og óvissa um í hvaða mæli þau þurfi að koma fyrir dóm í dag til að endurtaka sögu sína. Nauðsynlegt er að um þetta gildi ákveðnar reglur og því er mjög gott að frumvarpið taki af skarið um hvernig þessu skuli háttað. Þá má segja að 18. gr. frumvarpsins staðfesti í flestum atriðum þær grunnhugmyndir um framkvæmd skýrslutöku af börnum sem notaðar eru í Barnahúsi og þess er að vænta að sóst verði eftir því að nota aðstöðuna þar. Mjög nauðsynlegt er að skipuleggja aðgerðir við upphaf rannsóknar kynferðisbrots með markvissum hætti og að ekki verði dráttur á skýrslutöku af barni eftir að grunur vaknar um að brot hafi verið framið. Treystir Barnaverndarstofa því að aukið umfang í kringum um skýrslutökuna, þ.e. að leita skuli til dómara sem tekur ákvarðanir um framkvæmdaratriði, verði ekki til þess á nokkurn hátt að seinka skýrslutöku af barni eða flækja framkvæmd hennar.

Barnaverndarstofa telur að huga verði að því að setja í lög heimild til þess að skipa óþekktum sakborningi verjanda þegar um er að ræða kynferðisbrot gegn barni. Brotin eru þess eðlis að ekki liggur alltaf fyrir frá byrjun hver sé meintur gerandi eða að meintur gerandi finnst ekki. Nauðsynlegt er að stefna að því að forða börnum sem verða fyrir þessu að endurtaka framburð sinn, að

PÓSTHÚSSTRATI 7
PÓSTHÓLF 53
121 REYKJAVÍK

SÍMI 552 4100
BRÉFSÍMI 552 4108

KT. 700595 2699



BARN AVERNDARSTOFA

skýrslutaka fari fram með sama hætti og ella og að viðstaddur verði verjandi hins meinta óþekkta geranda. Eftir að raunverulegur meintur gerandi kæmi í ljós myndi dómari geta metið þörfina á að endurtaka skýrslutöku ef farið væri fram á það. Þess má geta að þetta hefur verið gert í framkvæmd þrátt fyrir að lagastoð skorti.

Þá telur Barnaverndastofa að athuga verði hvort að undanskilja beri frá kæru til Hæstaréttar ákvarðanir um framkvæmd skýrslutöku yfir börnum áður en mál er höfðað, eða ákvarðanir skv. 18. gr. frumvarpsins. Eins og áður sagði er mjög nauðsynlegt að ekki verði dráttur á skýrslutöku af barni eftir að aðgerðir hafa verið skipulagðar við rannsókn máls en slíkt eykur stórlega hættuna á því að reynt verði að hafa áhrif á framburð barnsins eða vitna, enn frekar ef um sífjaspellsbrot er að ræða.

Ákvæði frumvarpsins um almenna réttarstöðu brotþola eru mjög til bóta. Barnaverndarstofa telur til viðbótar að 34. gr. frumvarpsins eigi að vera á þann veg að brotþola skuli alltaf tilkynnt um áfrýjun máls til Hæstaréttar og gefa honum kost á að bera fram ósk um réttargæslumann.

Að lokum telur Barnaverndarstofa að bæta þurfi við frumvarpið breytingu á 4. mgr. 69. gr. laganna þannig að 16 ára breytist í 18 ára, í samræmi við hækkun sjálfræðisaldurs.

Virðingarfyllt
f. h. Barnaverndarstofu


Hrefna Friðriksdóttir

PÓSTHÚSSTRÁTI 7
PÓSTHÓLF 53
121 REYKJAVÍK

SÍMI 552 4100
BRÉFSÍMI 552 4108

KT. 700595 2699